



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Október 2018

Það er alltaf jafn gaman hvað tíminn er margbeytilegur í umhverfinu. Nú hefur haustið látið að sér kveða og litadýrðin endurspeglar frjóan hug nemenda og starfsmanna í skólanum okkar.

Í Glerárskóla gengur skólastarf samkvæmt áætlun. Nemendur og starfsmenn eru allir komnir á kaf í lærdóm, hugflæði, verkefnavinnu, sjálfskoðun, teymisvinnu og allt það annað er tengist skólastarfinu. Dagarnir líða hjá og allir verða öflugri og þekkingarmeiri í dag enn í gær.

Glerárskóli hefur á liðnum árum styrkt stoðir í skólastarfi. Stefnan okkar er skýr og gildisviðmið einnig. Við getum verið stolt af skólanum okkar og þeim stoðum sem skólastarfið byggir á. Við reynum í hvívetna að efla umhverfisvitund og þekkingu nemenda á nærumhverfinu í gegnum grenndarkennslu. Við nýtum okkur jákvæðan aga til að byggja okkur upp og gera hvern einstakling sterkari í ákvarðanatöku og samskiptum. Við notum Olweusarfræði til að efla jákvæða samveru og vinna í sameiningu að farsælum samskiptum.

Áherslurnar á þessu skólaári eru á námsmat, fjölbreytta kennsluhætti, eflingu læsis í viðum skilningi auk þess sem við viljum leggja okkur fram um að efla nemendur í að taka ábyrgð á eigin lífi og sýna metnað í námi.

Skólasamfélag er samansett af nemendum, starfsmönnum skóla og forráðamönnum og það skiptir veigamiklu máli í skólastarfinu að allir aðilar vinni vel saman og standi við bakið á skólastarfinu.

Við höldum því ótrauð í átt að jákvæðri og bjartri framtíð í þeirri vissu að: *Saman stöndum við, náum árangri og gleðjumst!*

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Útivistartími

Við minnum á að útivistartími nemenda breyttist þann 1. september s.l. og er nú sem hér segir:

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20:00

13 - 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22:00

Stöndum saman, fylgjum lögum og höldum vel utan um krakkana okkar.



28. september 2018

2. tbl. 8. árg

Til umhugsunar:

- Samvinna
- Jákvæðni
- Metnaður
- Hjálpssemi

Efnisyfirlit:

Október 2018	1
Útivistartími	1
Hautfrí, skipulagsdagur, viðtalsdagur	2
Rýmingaræfing	2
Skólaráð	2
Skóli í þorpinu	2
Deiliskipulag	2
Öryggi í umferðinni	3
Reglur í matsal	3
Helstu atburðir	3
Rósaball	3
Reykjaferð	4
Fótboltamót	4
Foreldrafélag	4
Myndir augnabliksins	4

Haustfrí, skipulagsdagur, viðtalsdagur

Fimmtudaginn 18. og föstudaginn 19. október er haustfrí nemenda og kennara í grunnskólum Akureyrarbæjar. Mánudaginn 22. október er skipulagsdagur í Glerárskóla og því eru nemendur í fríi og Frístund lokuð. Þriðjudaginn 23. október er síðan viðtalsdagur í skólanum en þá hitta forráðamenn og nemendur umsjónarkennara til að ræða um nám nemenda og skólagöngu. Einnig geta nemendur og forráðamenn hitt annað starfsfólk og kennara skólans.

Rýmingaræfing

Rýmingaræfing verður haldin þriðjudaginn 9. október n.k. strax í fyrsta tíma að morgni. Æfingin er hugsuð til þess að allir geri sér grein fyrir því hvernig skal haga sér í aðstæðum sem skapa hættu og þegar rýma þarf skólann. Nemendur koma inn á skónum þennan dag og fara með úlpur inn í stofur. Þegar brunabjalla hringir fer af stað rýmingaráætlun sem er afar skýr og allir eiga að fylgja við rýmingu. Að æfingu lokinni verður metið hversu vel gekk og hvar við þurfum að bæta okkur.

Við biðjum alla forráðamenn að ræða við börnin sín um mikilvægi þess að fara að einu og öllu eftir áætlun um rýmingu og að sýna æfingunni virðingu með því. Það getur skipt sköpum þegar á reynir hvort við þekkjum þær leiðir sem við þurfum að nýta þegar á hólminn er komið.

Deiliskipulag - Melgerðisás

Bæjarstjórn hefur samþykkt að lóðir á Melgerðisási, E1 og E3 austan Glerárskóla, verði felldar út úr skipulagi og aðgengi að Kvenfélagsreit tryggt með stígatengingum.

Þetta eru gleðifréttir fyrir starfið í Glerárskóla.



Skólaráð Glerárskóla

Nú hefur nýtt skólaráð Glerárskóla litið dagsins ljós. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitafélagsins um skólahald. Í skólaráði sitja fulltrúar starfsfólks, kennara, forráðamanna og nemenda auk fulltrúa úr hverfisnefnd og stjórnenda skólans. Í skólaráði árið 2018—2019 sitja:

Fyrir forráðamenn: Þorbjörg B. Kristbjörnsdóttir og Ágúst Lárusson

Fyrir nemendur: Ekki komin nöfn ennþá en væntanleg

Fyrir starfsfólk: Soffía Guðmundsdóttir

Fyrir kennara: Inga Huld Pálsdóttir og Hólmfríður Guðnadóttir

Fyrir hverfisnefnd: Helgi Stefánsson

Fyrir stjórnendur: Eyrún Skúladóttir

Ritari skólaráðs: Helga Halldórsdóttir

Skóli í þorpinu 110 ára

Þann 1. nóvember 1908 var stofnaður fyrsti barnaskólinn í þorpinu. Á þessu ári verðum við því 110 ára. Glerárskóli mun halda upp á þessi tímamót og verða upplýsingar sendar heim þegar allt er tilbúið.

Öryggi í umferðinni!

Nú þegar haustar að minnum við á reglur um farartæki á hjólum og þann öryggisbúnað sem nota skal. Reglurnar má finna á heimasíðu Glerárskóla. Einnig viljum við benda forráðamönnum á að brýna fyrir börnunum að fara varlega í umferðinni og nota endurskinsmerki.

Forráðamönnum bendum við á að fara varlega á bílastæði við skólann og muna að göturnar í kringum skólann okkar er með **30 kílómetra hámarkshraða**.

Munum svo að ALLIR NEMENDUR á farartækjum eiga að nota hjálm!

„Hið eina sanna markmið menntunar er að gera manninn hæfan til að halda endalaust áfram að spyrja spurninga!”

Mandell Creighton

Reglur í matsal Glerárskóla

- Förmur í röð og bíðum eftir því að röðin komi að okkur
- Höfum ekki húfur né yfirhafnir í matsal
- Borðum við matarborðin
- Notum inniröddina
- Göngum rólega um
- Göngum frá eftir okkur
- Ókurteisi og ruðningur í matsal leiða til þess að nemendur fara aftast í röðina eða er vísað úr matsal og borða annarsstaðar
- Nemendur yngsta- og miðstigs fara beint út í friminútur eftir að hafa borðað
- Borðstjórar sjá til þess að borð séu hrein, stólar upp við borð og fara síðastir út úr matsal

Helstu viðburðir í október og nóvember 2018

- 1.—5. október: 7. bekkur fer í skólabúðirnar á Reykjum
- 9. október: Rýmingaræfing
- 12. október: Rósaball 8.—10. bekkjar
- 18. október: Haustfrí nemenda og kennara
- 19. október: Haustfrí nemenda og kennara
- 22. október: Skipulagsdagur—nemendur í fríi—frístund lokuð
- 23. október: Viðtalsdagur
- 30. október: 8. bekkur fermingarferðalag
- 8. nóvember: Baráttudagur gegn einelti
- 16. nóvember: Dagur íslenskrar tungu

Rósaball

Föstudaginn 12. október verður haldið hið fræga Rósaball hér í Glerárskóla.

Rósaballið er ætlað nemendum í 8.—10. bekk og hefur verið afar vinsælt um áraraðir. Nafnið fær ballið af því að 10. bekkjar sækja 8. bekkina á ballið og færa þeim rós.



**Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

FÓTBOLTAMÓT 8.-10. BEKKJAR GRUNNSKÓLANNA Á AKUREYRI

Miðvikudaginn 10. október verður haldið
árlegt fótboltamót 8.—10. bekkjar
grunnskólanna á Akureyri. Mótið fer fram
í Boganum frá kl. 8:00—12:00

7. bekkur—Reykjaferð

Strax í næstu viku, 1.—5. október, fara nemendur 7.
bekkjar í skólabúðir að Reykjum í Hrótafirði.

Ferðin er ætíð bæði ánægjuleg og góð en oft reynir hún á
þar sem mikið er um að vera og því koma þreyttir ferða-
langar heim á föstudegi eftir dvölin.

Umsjónarkennarar fara í ferðina með nemendum að
þessu sinni og óskum við öllum góðrar ferðar.

Fundur stjórnar Foreldrafélags Glerárskóla og bekkjarráða skólans

Fimmtudaginn 4. október n.k. Verður haldinn fundur
stjórnar foreldrafélags Glerárskóla með forráðamönnum
sem sitja í bekkjarráðum skólans. Fundurinn verður kl.
20:00— 21:00 á kaffistofu starfsmanna.

Á dagskrá verður m.a. hlutverk bekkjarráðsfulltrúa,
kynning á nýjum stjórnmeðlimum, dagskrá vetrarins,
fjármálin, foreldraröltið, jólaföndur og margt fleira.

Mynd augnabliksins!



Frá Ólympíska skólahlaupinu 2018

